



Borgarráð

Umsögn um fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins vegna bragga og umsögn um fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um yfirlit yfir framkvæmdir við braggann í Nauthólsvík.

Á fundi borgarráðs 6. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokk fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir upplýsingum um umframkostnað vegna bragga að Nauthólsvegi 100.“

Á fundi borgarráðs 6. september sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins og Miðflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Óskað er eftir sundurliðuðu og rekjanlegu yfirliti yfir framkvæmdir við braggann í Nauthólsvík frá því þær hófust. Lögð var fram í borgarráði þann 6. september 2018 fundargerð Innkauparáðs sem innihélt m.a. yfirlit skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar vegna Nauthólsvegar 100, með vísan í bókun á síðasta fundi ráðsins þar sem óskað var eftir því að fá yfirlit yfir allar greiðslur sem Reykjavíkurborg hefur innt af hendi vegna Nauthólsvegar 100 á árunum 2017 og 2018. (Bragginn í Nauthólsvík). Fulltrúar stjórnarandstöðunnar óskuðu eftir að fá yfirlitið sent og þegar það er skoðað er það ákaflega ófullkomið í ljósi upplýsinga sem borgarfulltrúar verða að hafa til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni með fjárstjórnarvaldi borgarinnar. Einungis eru gefnir upp verkliðir og upphæðir.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Með deiliskipulagsbreytingu árið 1998 voru húsin sem um ræðir í Nauthólsvík friðuð. Um er að ræða endurbyggingu á bragga, skemmu og svokölluðu náðhúsi auk nýrrar tengibyggingar þar á milli. Bragginn er einungis um þriðjungur af framkvæmdinni og því ekki hægt að tala um braggann sem eina byggingu.

Í deiliskipulagi var gert ráð fyrir að þarna yrði stríðsminjasafn. Ljóst var að húsin voru illa farin og voru þau nýtt að hluta undir geymslur fyrir ÍTR en jafnframt nýtti Svifflugfélag Íslands húsin. Litlar leigutekjur voru af húsunum og var viðhald þeirra ekkert. Útlit þeirra á þessum stað var alls ekki forsvaranlegt, þau voru útkrotuð og þegar upp kom brúni í þeim varð útlit þeirra enn hrörlegra. Það var þess vegna farið að huga að því með hvaða hætti mætti gera húsin upp og finna þeim einhverja þá notkun sem að hæfði. Ekki var áhugi á að opna þarna stríðsminjasafn og var því ákvæði deiliskipulagsins breytt en ekki var aflétt svæðisverndun af húsunum.

Árið 2013 var auglýst eftir áhugasömum aðilum til að sjá um rekstur í húsunum. Ekki náðust samningar við þá aðila sem að lögðu inn hugmyndir. Þá var ástand húsanna orðið þannig að

ekki varð við unað og ljóst að það þurfti að finna einhverja lausn. Svæðisverndun húsanna væri að öðrum kosti tilgangslaus þar sem þau voru að grotna niður. Var þá leitað eftir samningum við Háskólann í Reykjavík (HR) um aðkomu að notkun húsanna enda skólinn í stuttu göngufæri við húsinn og líklegt að skólinn gæti nýtt húsnaðið þannig að tryggja mætti viðvarandi starfsemi þar.

Hluti Nauthólsvegar 100, braggi, skemma og náðhús var því leigt til HR með leigusamningi dags. 25.09.2015. Í leigusamningi kemur fram leiguupphæð grundvölluð á frumkostnaðaráætlun Verkfræðistofunnar Eflu þar sem breytingakostnaðurinn er áætlaður kr. 158.000.000 (kr. 169.000.000 á núverandi verðlagi). Auk þess eru í leigusamningnum ákvæði um að umframkostnaður muni að 1/3 leiða til hækkunar leigu en að 2/3 muni Reykjavíkurborg taka á sig hækkun framkvæmdakostnaðar. Til grundvallar frumkostnaðaráætlunar voru eingöngu þær hugmyndir um endurgerð sem fram koma í umræddum samningi, en ekki lágu fyrir hönnunargögn og öllum ljóst að mikil óvissa var í kostnaðaráætluninni.

Þann 12.07.2017 voru samþykktar fyrstu bygginganefndarteikningar af breytingum á húsunum. Þær víkja nokkuð frá þeim hugmyndum sem fram koma í samningi, en þær voru unnar í samstarfi við HR og ákveðið að hafa fullbúnara eldhús sem krafðist t.d. meira útsogs, fituskilju og sterkara inntaks rafmagns en ella.

Við útfærslu hönnunar var haft samráð við Minjastofnun og borgarminjavörð sem komu með ábendingar sem farið var eftir þó þær útheimtu dýrari útfærslur en ella, t.d. eru ekki þakrennur á skemmunni heldur er þakjárnið teyggt út fyrir útvegginn sem gerir meiri kröfur um festingu þess, járngluggar voru endursmíðaðir í upprunalegri gerð, og haldið var eftir því sem mögulegt var af upprunalegu byggingunum. Sótt hafði verið um heimild til byggingafulltrúa um fá að að rífa eitt húsið sem hafði brunnið, náðhúsið, sem var vísað til Minjastofnunar og var svar stofnunarinnar túlkað sem höfnun. Þá var hannað stálvirki um húsið þar sem útveggir þess uppfylltu ekki kröfur um að standast álag, sama stálvirki myndar burð fyrir þakið sem húsið stóð ekki undir. Þetta allt kallaði í umtalsverðan aukakostnað. Þeirri byggingu er ekki lokið og vantar um 20-30% uppá að ljúka henni. Að öðru leyti er breytingunum lokið af hálfu Reykjavíkurborgar.

Kostnaðaráætlun var endurskoðuð í lok árs 2016 og gerði Verkfræðistofan Efla endurskoðaða kostnaðaráætlun kr. 215.000.000. Hún var svo aftur endurskoðuð í júní 2017 um svipað leyti og bygginganefndarteikningar lágu fyrir og þá var áætlunin kr. 237.000.000. Kostnaður vegna minjaverndar (friðunar) þá var kominn í tæplega kr.70.000.000.

Ákveðið var að fara í hönnun og gerð lóðar sem myndi hæfa húsunum og var valið að nota efni sem til hafði fallið við endurgerð húsanna að hluta, t.d. ber við augu að efni úr bragganum, sem var tekinn niður að hluta, sem mynda bogadregin form á steypum skjólveggjum. Kostnaður vegna lóðarinnar var því talsvert hár eða kr. 27.000.000.

Allan hönnunar- og verktímann voru haldnir verkfundir með HR.

HR hefur síðan farið í framkvæmdir á sinn kostnað og samkvæmt eigin vali á innréttingum í húsunum, má þar nefna setbekki, ljósakappa o.fl. Eftir er að ganga frá uppgjöri á smíði bars/afgreiðsluborðs þar sem HR ber helming kostnaðar vegna óska um búnað og gerð sem fór fram úr áætlunum um kr. 1.500.000.

Skýra má mismun á fyrstu og annari kostnaðaráætlun sem aukningu við endanlega bráðabirgða hönnun húsanna og mismun frá annari kostnaðaráætlun til núverandi niðurstöðu sem aukningu vegna lóðar og fjölmörgum óvissuliðum, sem ekki koma fram í áætlunum.

Einnig er miðlægur kostnaður borgarinnar kr. 12.500.000 inn í þessum tölum.

Á verktímanum september 2015 - september 2018 hefur launavísitala Hagstofunnar hækkað um 24% og byggingavísitala um 9%. Það jók svo enn á vandann að ekki var kostur á að bjóða verkefnið út enda verkþættir smáir og sérhæfðir og nánast í hönnun á verktíma vegna eðli bygginganna. Því til viðbótar var verið að vinna þetta á tíma þar sem mikil þensla og launaskrið var í byggingarstarfsemi og drógust framkvæmdir því mikið.

Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. ágúst 2018 auknar fjárveitingar til verkefnisins.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Sundurliðun kostnaðar vegna endurbyggingar dags. 17.09.2018

Minnisblað dags. 6. september 2018 vegna tilboða fyrir endurbyggingu við Nauthólsveg 100

Bréf Minjastofnunar Íslands frá 25. júlí 2016

Húsaleigusamningur við Grunnstoð ehf. dótturfélag Háskólans í Reykjavík dags. 25. september 2015

Viðgerðartillögur og Frumkostnaðaráætlun verkfræðistofunar EFLU dags. júlí 2015

Fornleifaskrá og húsakönnun Minjasafn Reykjavíkur skýrsla nr. 161, október 2013

Nauthólsvegur 100

Minnisblað vegna tilboða í enduruppbyggingu við Nauthólsveg 100 17. september 2018

Minnisblað þetta er unnið fyrir Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar. Því er ætlað að lýsa verkefninu og grein fyrir því hvernig staðið var að uppbyggingunni.

Verkefnið fólst í:

1. Endurbyggingu á bragga frá stríðsárunum með steypu anddyri.
2. Endurbyggingu á skála frá stríðsárunum.
3. Endurbyggingu á náðhúsi frá stríðsárunum.
4. Byggingu þriggja nýbygginga sem tengja saman ofantaldar byggingar. Það eru:
 - a. Inngangsbygging sem hýsir auk anddyris, tæknirými fyrir allar byggingarnar
 - b. Millibygging sem tengir saman húsin þrjú. Hún inniheldur öll votrými, þ.e. snyrtingar og fullbúið veitingaeldhús.
 - c. Útbygging á skála sem hýsir fundaraðstöðu.
5. Gerð umsvifamikils útisvæðis sem þjónar öllum borgarbúum.

Helstu framkvæmdaaðilar

Gerður var samningur við: arkitekta, landslagsarkitekt, verkfræðinga og verkefnisstjóra á grundvelli umsamins tímagjalds.

Gerður var samningur við: verktaka, byggingastjóra og húsasmíðameistara á grundvelli umsamins tímagjalds.

Aðrir meistara á verkinu: múrarmeistari, rafvirkjameistari, málarmeistari, pípulagningameistari og blikksmíðameistari voru ráðnir ýmist á grundvelli einingaverða, tilboðsverða eða umsamins tímagjalds.

Helstu verkþættir

- Niðurrif á bragga og hreinsun á skemmu.
- Jarðvinna á lóð.
- Lóðarframkvæmd
- Uppbygging og efniskaup.
- Stálsmíði á gluggum fyrir náðhús og skála.
- Innréttinga- og innihurðasmíði

Stutt yfirlit yfir verkefnið

Segja má að um sé að ræða þyrpingu húsa. Verið er að gera upp og endurbyggja þrjú hús frá stríðsárunum, byggja þjár nýbyggingar og úbúa útirými fyrir almenning.

Strax í upphafi verks reyndist ógerlegt annað en að endurbyggja braggann (sem nú hefur fengið hlutverk veitingastaðar) að undanskildum austurgaflvegg og steinsteyptum inngangi í tengslum við hann. Bragginn þjónaði sem matsalur Winston Hótels, flugvallarhótels sem reist var í stríðslok.

Bragginn var tekinn niður á varfærnislegan hátt svo nýta mætti upprunalegt efni hans annars staðar og þrýðir það nú lóðina. Farið var í að endurbyggja braggann með nýjum sökklum, steypu gólfi með gólfhita og nýju stálburðarvirki. Bragginn er einangraður og klæddur með bárujárni. Reynt var að fá nýja klæðningu sem var eins og upprunalega klæðningin (læst báruklæðning) en það gekk því miður ekki þar sem hætt hefur verið framleiðslu á henni. Gluggar voru sérsníðaðir í takt við þá sem fyrir voru með minjavernd að leiðarljósi. Steinsteypt inngangsbygging í bragga var einangruð að utan og múruð. Til þess að upprunalegur veggur fengi að njóta sín að innan. Sníðaðir voru nýir timburgluggar og hurðir. Þak inngangsbyggingar var einnig endurnýjað.

Skálinn (frumkvöðlarsetur), sem er með veglegum arni, var setustofa flughótelsins. Farið var í umfangsmiklar steypuviðgerðir á útveggjum og þeir einangraðir og klæddir að innan með gifsi. Skipta þurfti um þak, einangra og klæða með bárujárni. Allir stálgluggar voru endurnýjaðir í upprunalegri mynd. Stór útsýnisgluggi á suðurgaflvegg var sníðaður og þak yfir glugga endurnýjað.

Niðurtekið loft var fjarlægð þannig að burðarsperrur fengju notið sín en við þessa aðgerð hækkaði lofthæðin til muna. Í loft voru settar hljóðísogplötur til að tryggja góða hljóðvist í opnu vinnustofurými frumkvöðlarsetursins. Sett var upp ofnakerfi og saga þurfti í gólf fyrir lögnum. Upprunalegt gólf var slípað upp. Byggð var lítil útbygging við skálann sem þjónar sem fundarherbergi.

Náðhús (fyrirlestra- og fjölnotasalur) var eins og nafnið segir til um salerni hótelsins. Húsið brann en eftir stóðu steinsteyptir útveggir og brenndar burðarsperrur í þaki. Steyptir útveggir voru styrktir með stálburðarvirki og langhlið endursteypt, sérsníðaðir stálgluggar í takt við þá sem fyrir voru og sníðað nýtt þak sem lyft var upp frá útveggjum þannig að brenndar sperrur fengju notið sín. Sperrurnar setja sterkan svip á salinn.

Millibyggingin sem er nýbygging tengir bragga, náðhús og skála saman og hýsir veitingaeldhús með tilheyrandi stoðrymum, salerni fyrir gesti auk starfsmannarýma. Byggingin stingur sér inn í skálann og ofan á henni er tæknirými sem hýsir loftræsikerfi bæði fyrir skálann og eldhúsið. Byggingin er lágreist með sléttu þaki (lágmarkshalli) og klædd með svörtum sementsplötum.


Inngangur og tæknirými er einnig í nýbyggingu, staðsett við norðurhlið bragga. Tæknirými með niðurgroflu lagnarými þjónar allri húsaþyrpingunni. Þessi byggingarluti er lágreistur eins og aðrar nýbyggingar, klæddar sementsplötum.

Þriðja nýbyggingin er byggð til norðurs frá skála og þjónar sem fundarherbergi fyrir frumkvöðlasetrið. Hún er með sama byggingarlagi og þær sem á undan er lýst.

Allar byggingarnar að meðtöldum nýbyggingum og þeirra bygginga sem gerðar voru upp og/eða endurbyggðar hafa ólíka byggingartækni. Hvert og eitt hús er flókið og samskeyti húsabyrpinga mismunandi sem kallar á sértækar lausnir hvers húss fyrir sig.

Verkefnið var unnið með sterk minjasjónarmið í huga þar sem um er að ræða merkar svæðisverndaðar herminjar frá stríðsárunum. Verkið var unnið í nánú samráði við Minjastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur. Markmiðið er að gera grein fyrir sögu húsanna bæði innan dyra og á lóð til þess að almenningur geti glöggvað sig á sögu þessara merku bygginga á auðveldan hátt.

Margrét Leifsdóttir arkitekt FAÍ

A handwritten signature in black ink on a light background. The signature is written in a cursive, flowing style and reads "Margrét Leifsdóttir".

A arkitektar
Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir arkitekt
Margrét Leifsdóttir arkitekt
Tómasarhaga 31
107 Reykjavík



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 25. júlí 2016
Tilvísun: 201607-0052

Nauthólsvegur 100, Winston hotel, endurbygging húsa frá lokum seinni heimsstyrjaldar

Í tölvupósti 20. júlí 2016 leitar Hólmfríður Jónsdóttir arkitekt eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um aðaluppdrætti A arkitekta af endurbyggingu Nauthólsvegar 100, Reykjavík, sem fylgja með erindinu.

Um er að ræða endurbyggingu á þremur húsum sem eftir standa af hóteli sem loftflutningadeild breska flughersins reisti á árunum 1944-45. Vegna aldurs falla byggingarnar ekki undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í húsakönnun Minjasafns Reykjavíkur um Vatnsmýri frá 2012 er bent á að umræddar byggingar myndi heildstæða þyrpingu ásamt öðrum mannvirkjum í Nauthólsvík frá hernámsárunum. Lagt er til að svæðið sem braggarnir standi á njóti svæðisverndar í milligulum flokki skv. Húsverndarskrá Reykjavíkur. Samkvæmt fram komnum tillögum stendur til að endurbyggja þrjá hluta hótelsins, bragga, skemmu og náðhús, og tengja saman með nýbyggingu.

Minjastofnun Íslands hefur að frumkvæði A arkitekta fylgst með mótun hugmynda um endurbyggingu hluta flugvallarhótelsins að Nauthólsvegi 100 og veitt álit á ýmsum atriðum á vinnslustigi hönnunar. Stofnunin fagnar farsælli lausn á endurbyggingu húsanna og telur að í fyrirliggjandi tillögu takist vel að varðveita sérkenni merkra sögulegra minja frá stríðsárunum um leið og húsin eru endurbyggð og aðlöguð nýrri starfsemi. Minjastofnun leggur áherslu á að hæð nýrrar tengibyggingar verði ekki meiri en sem nemur vegg hæð skemmu og náðhúss til að unnt sé að vera að tengja hin þrjú ólíku húsform saman með farsælum hætti. Vegna þess verður lofthæð í nokkrum vot- og gangrýmum minni en áskilið er í reglugerð. Í því sambandi vísar Minjastofnun til undanþáguákvæða byggingar-reglugerðar er varða breytingar á eldri byggingum með sérstakt varðveislugildi.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Pétur H. Ármannsson
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)
Byggingarfulltrúinn í Reykjavík (byggingarfulltrui@reykjavik.is)
Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir (frida@arkibullan.is)
Margrét Leifsdóttir (margret@arkibullan.is)

Ákvarðanir Minjastofnunar Íslands sem byggja á lögum um menningarminjar nr. 80/2012, gr. 29., 30., 31., 32., 33., 34. og 35. eru kæranlegar til æðra stjórnvalds, þ.e. forsætisráðuneytis. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

HÚSALEIGUSAMNINGUR

landnúmer: 219038, fastanúmer: 202-9677, matshlutar 01, 02, 08 og 09

Undirritaðir gera með sér eftirfarandi samning um leigu á hluta fasteignar að Nauthólsvegi 100, 101 Reykjavík:

Samningsaðilar

Leigusali: Reykjavíkurborg kt. 530269-7609 f.h. Eignasjóðs Reykjavíkurborgar kt. 621102-0220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

Leigutaki: Grunnstoð ehf, dótturfélag Háskólans í Reykjavík (HR), kt 701211-1030, Menntavegi 1, 101 Reykjavík

1. gr.

Hið leigða

Hið leigða er hluti af Nauthólsvegi 100, fastanúmer 202-9677. Um er að ræða fjóra matshluta af eigninni, samtals um 450 fermetrar:

- 01 0101 145,0m²
- 02 0101 210,0 m²
- 08 0101 58,0m²
- 09 0101 33,0m²

2. gr.

Leiguskilmálar og afnot leigutaka

Leigusali er eigandi húseignarinnar að Nauthólsvegi 100, en ástand húsnæðisins er mjög bágborið og þarfnast mikils viðhalds og endurbyggingar. Grunnstoð ehf, dótturfélag Háskólans í Reykjavík (HR) sem leigutaki tekur húsnæðið á leigu f.h. HR undir aðstöðu fyrir nemendur og fyrir frumkvöðla- og nýsköpunarsetur. Nýting húsnæðisins verður tvíþætt. Annars vegar verður aðstaða fyrir viðburði og veitingasölu á vegum HR og nemenda HR. Hins vegar verður aðstaða fyrir nýsköpunar- og rannsóknastarfsemi þar sem nemendur HR, starfsmenn HR og fleiri geta unnið að verkefnum, sprotum, ráðgjöf og öðru því sem tengist nýsköpun og frumkvöðlastarfi.

Leigutaka er heimilt að leigja hluta húsnæðisins út til stúdentafélags HR og til sprotafyrirtækja sem eru í samstarfi við HR. Aðrar tekjur leigutaka verða fyrst og fremst af veitingasölu, og er leigutaka heimilt að vinna með þriðja aðila að framkvæmd veitingasölu.



3.gr.

Leigutími

Leigutímabilið hefst þegar framkvæmdum er lokið og leigutaki tekur við húsnæðinu. Þá fer fram formleg úttekt á húsnæðinu og leigutaki og leigusali skulu verða ásáttir um að húsnæðið sé tilbúið til leigu og lokaúttekt byggingarfulltrúa liggi fyrir. Stefnt er að því að það verði ekki síðar en 1. september 2016. Samningur þessi er til 10 ára, en að þeim tíma liðnum framlengist hann ótímabundið, en gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru 12 mánuðir. Taki leigutaki húsnæðið í notkun að hluta til eða allt áður en framkvæmdum er lokið greiðir leigutaki leigu frá þeim tíma að hluta til eða öllu leiti.

4.gr.

Leigukjör

Húsaleiga skal vera kr. 450.000.- á mánuði og greiðist fyrirfram með gjalddaga 1. hvers mánaðar.

Beri gjalddaga upp á frídag skal miða við næsta virka dag þar á eftir. Húsaleigu skal greiða samkvæmt útsendum greiðsluseðlum Reykjavíkurborgar og fylgja reglum um dráttarvexti. Húsaleigan miðast við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún er þann 1. maí 2015 (426,4 stig) og breytist með henni til hækkunar eða lækkunar á eins mánaðar fresti.

Leiga miðast við breytingakostnað að fjárhæð 158 milljónir króna á verðlagi september 2015. Ef endurbyggja þarf hluta húsnæðisins með tilliti til friðunar verður sá kostnaður að falla á leigusala. kostnaðarmat var unnið af verkfræðistofunni Eflu skv. fylgiskjali II. Kostnaðarmat skal endurmetið í lok árs 2015 og aftur þann 1. mars 2016. Ef stefnir þá í veruleg frávik frá upphaflegri áætlun skulu aðilar leitast við að lækka framkvæmdakostnað, en húsnæðið verður þó ávallt að vera nothæft til rekstrar miðað við þau áform sem eru uppi. Þegar niðurstaða framkvæmdakostnaðar liggur fyrir skal leigutaki taka á sig 1/3 hækkunar sem kann að verða umfram áætlun um framkvæmdir sem er 158 milljónir króna. Hækkun leigugreiðslna endurspeglar þá hlutfallslega þann kostnaðarauka.

5.gr.

Ástand hins leigða húsnæðis við afhendingu þess til leigutaka

Leigusali mun fyrir afhendingu endurbæta húsnæðið og endurbyggja að hluta í samráði við leigutaka. Leigutaki sér um og kostar allar lausar innréttingar innanhúss

Breytingar á húsnæðinu, hönnun og framkvæmdir, verði gerðar í samstarfi við leigutaka og starfsmenn HR. Leigutaki og HR hefur fulltrúa í byggingnefnd/verkefnastjórn verkefnisins. Leigutaki og leigusali skulu hafa samráð við val á hönnuðum þar með talið um arkitekt við hönnunina.

Framkvæmdakostnaður sem fellur á leigusala er áætlaður á bilinu 146-158 milljónir króna sbr. kostnaðarmat, sjá fylgiskjal II með leigusamningi. Miðað er við meðfylgjandi skissu í fylgiskjali 1 af breytingum á húsnæðinu. Gerð verður nánari skilalýsing samhliða endanlegri hönnun húsnæðisins.

Leigusali mun ákveða efnisval í samráði við leigutaka.



6.gr.

Viðhald

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Leigutaki annast á sinn kostnað allt nauðsynlegt og eðlilegt viðhald hins leigða innahúss og á lóð. Sérstakt samþykkti leigusala þarf fyrir framkvæmdum er varða hið leigða húsnæði.

Leigusali sér um og lætur framkvæma viðhald utandyra. Leigutaki leggi árlega fram beiðni um viðhaldsþörf húsnæðis. Leigusali stefnir á að ástand húsnæðis verði að engu lakara hverju sinni en það er í upphafi leigutímans.

Starfsmenn leigusala hafa heimild til að ganga um hið leigða með hæfilegum fyrirvara til eftirlits eða til þess að framkvæma úrbætur.

7.gr.

Greiðsla rekstrarkostnaðar

Leigusali greiðir skatta, gjöld og lögboðnar brunatryggingar vegna hins leigða.

Leigutaki greiðir allan annan rekstrarkostnað, þar með talið hita og rafmagn fyrir hina leigðu eign. Leigutaki sér líka um rekstur og viðhald á lóð, snjómokstur og annan hefðbundinn rekstur.

8.gr.

Tryggingar og ábyrgð

Leigusali er með lögbundnar tryggingar s.s. brunatryggingar.

Leigutaki annast allar tryggingar á eignum sínum í leiguhúsnæðinu sem og vegna tjóns sem þriðji aðili kann að verða fyrir í tengslum við starfsemi leigutaka.

Leigusali ber í engum tilvikum ábyrgð á tjóni er kann að verða á eignum leigutaka í hinu leigða húsnæði vegna óhappa svo sem vatnstjóns, elds, reyks og þess háttar skal leigutaki tryggja sig fyrir tjónum af þessu tagi. Leigutaka ber að fara varlega með eld í húsinu og önnur hættuleg efni og gæta þess að ekki stafi hætta af rafleiðslum, vélum eða öðrum hlutum er hann hefur og notar í húsinu. Leigusali skal annast úttekt og gerð eldvarna sem hluta af endurbyggingu húsnæðis. Leigutaki skal síðan annast á sinn kostnað allar nauðsynlegar eldvarnir eða aðrar slíkar ráðstafanir í hinu leigða húsnæði sem Eldvarnareftirlitið eða aðrar opinberar stofnanir kunna að gera kröfu til vegna starfsemi leigutaka.

Leigutaki skal bæta leigusala það tjón, sem hið leigða húsnæði kann að verða fyrir á leigutímanum sem sannarlega er af hans völdum, starfsmanna eða starfssemi hans.

9.gr.

Umgengni

Leigutaka, starfsmönnum og öðrum á þeirra vegum er skylt að fara í hvívetna með hið leigða og lóð þess á þann hátt sem samræmist góðum og viðteknum venjum um umgengni hreinlæti og hollustuhætti. Að leigutíma liðnum ber leigutaka að skila hinu leigða aftur í ekki lakara ástandi en það var við upphaf leigutímans, nema sem leiðir af venjulegri notkun. Leigutaka eru óheimilar allar breytingar á hinu leigða, án samþykkis leigusala. Allar breytingar verða að eign leigusala í lok leigutíma.



Leigusali skuldbindur sig ekki til kaupa á innréttingu og/eða öðru sem leigutaki lætur í té hinu leigða á leigutíma.

10.gr.

Vanefndir, riftun

Standi leigutaki ekki í skilum með greiðslu leigugjalds og/eða verðbóta, eða gangi illa um hið leigða, eða hagnýtir húsnæðið gegn ákvæðum samnings þessa eða brýtur á annan hátt verulega gegn skyldum sínum, er leigusala heimilt að rifta leigusamningi þessum. Á sama hátt er leigutaka heimil riftun, ef leigusali brýtur verulega gegn skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

Komi til þess að fasteignin verði seld á leigutímanum skulu ákvæði þessa samnings standa óbreytt. Leigutaka skal ávallt haldið upplýstum um öll áform um sölu á eigninni. Allar breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar. Um vanefndir, tilkynningarskyldu vegna þeirra, svo og vanefndaúrræði hvors aðila um sig, fer skv. ákvæði húsaleigulaga á hverjum tíma sbr. nú XII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994.

11.gr.

Tilkynningar

Hvers kyns tilkynningar, kröfur eða annað sem tilkynna þarf tilkynnist skriflega með sannanlegum hætti eða til:

Til leigtaka:

Grunnstoð ehf.

Heimilisfang: Menntavegi 1, 101 Reykjavík

Bt. Þorkels Sigurlaugssonar

Netfang: tsi@hr.is

Til leigusala:

Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar

Heimilisfang: Tjarnargötu 11

Bt. Óla Jóns Hertervig

Netfang: oli.jon.hertervig@reykjavik.is

12.gr.

Framleiga

Leigutaka er óheimilt að framleigja hið leigða til annarar starfsemi en fyrir HR nema í samráði við leigusala. Þó skal leigusali almennt samþykkja framleigu ef ekki er um veruleg frávik á starfsemi er að ræða skv. grein 2.

13. gr.

Annað

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigutaki og leigusali þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.




Leigutaki ábyrgist að fyrirhuguð starfsemi í hinu leigða húsnæði sé í samræmi við gildandi lög og reglur.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum aðila fyrir sig.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirsvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta.

Reykjavík, 25. september 2015.

F.h. leigutaka



F.h. leigusala




Samkvæmt samþykkt borgarráðs
dags 16. júlí 2015.

Vottar að réttri dagsetningu
og undirskrift aðila.

Elisabet Ekeneldóttir 180192-2589

Erla Hardardóttir 101193-2089



Handwritten signature

Fylgiskjal II


Nauthólsvegur 100

Endurbætur á húsnæði

Viðgerðartillögur

Frumkostnaðaráætlun

Júlí 2015



 **EFLA**
VERKFRÆÐISTOFA




Inngangur.

Undirritaður hefur að beiðni Óla Jóns Hertervig og Óla Arnars Eiríkssonar hjá Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar Reykjavíkurborgar (SEA) framkvæmt ástandsmat á húseignum þeim sem staðsettar eru við Nauthólsveg 100 í Reykjavík. Einnig hefur verið gerð frumkostnaðaráætlun fyrir endurbyggingu húseignanna.

Um er að ræða þrjá byggingahluta úr stærri heildarþyrpingu sem er á svæðinu.

- Hús / skemma, stærð 220 m²
- Braggi, stærð 140 m²
- Viðbygging, stærð 90 m²

Heildarflatarál húsanna þriggja er um 450 m².



Yfirlitsmynd af svæðinu

2. Ástandsmat bygginga og áætlaður kostnaður við endurbyggingu



Við skoðun á húsnæðinu sem fram fór föstudaginn 12. júlí komu fram eftirfarandi atriði varðandi ástand húsanna. Einnig hefur verið lagt mat á kostnað við endurbyggingu húsanna.

2.1 Viðbygging

Um er að ræða 90 m² byggingu sem stendur á steypum sökklum. Þak hússins hefur verið borið uppi af steypum súlum. Milli súlna hafa útveggir verið hlaðnir með léttum hleðslusteini, sandsteini.

Ástand hússins er afar bágborið eftir eldsvoða sem varð í húsinu fyrir nokkrum árum síðan. Þakið er farið af stórum hluta hússins auk þess sem útveggir þess eru mikið skemmdir og að stórum hluta fallnir saman.


Ekki getur talist raunæft að endurbyggja húsarústirnar vegna kostnaðar og þeirra miklu skemmda sem orðið hafa á húsinu sem gera endurbyggingu óraunhæfa. Sé ætlunin að koma upp 90 m² húsnæði undir þá starfsemi sem fram hafa komið má gera ráð fyrir að kostnaður við niðurrif og nýbyggingu á húsinu getið orðið um um 380 -400 þús kr. á m² 34 til 36 millj króna



Úthliðar viðbyggingar

2.2 Braggi.

Á svæðinu er 140 m² braggi frá því á stríðsárunum sem notaður hefur verið fyrir ýmsa starfsemi á liðnum áratugum. Um er að ræða hefðbundinn bragga sem reistur var á hernámsárunum. Bragginn hvílir á einföldum undirstöðum. Í bragganum er moldargólf sem hefur verið lagt krossviðplötum. Húsið er óeinangrað, allir gluggar og hurðir ónýtt. Ekkert hitakerfi hitakerfi í húsinu og rafmagnið er afar bágborið. Ekki er vitað hvernig frarennslislum er háttað í húsinu.



Úthliðar bragga





Sé ætlunin að halda sama útliti á svæðinu og núna er er lagt er til að bragginn verði rifinn og fjarlægður. Grafið verði fyrir nýjum steyptum undirstöðum og gólfplötu. Keyptur verði nýr braggi og reistur á grunni þess gamla. Við hönnun á innra skipulagi braggans verði miðað við einfaldar útfærslur í lausnum, engir innveggir, sýnilegar lagnir á veggjum og lofti, náttúruleg loftræsing, gólfplata verði máluð.

Gera má ráð fyrir að kostnaður við að endurnýjun á bragga geti orðið um 250 – 280 þús kr á m² eða um 35 – 39 millj. króna

2.3 Hús - skemma

Þriðji byggingahlutinn á svæðinu er 220 m² steypthús. Þessi húshluti er sá heillegasti á svæðinu, og sá hluti sem getur verið hagkvæmt að endurbyggja í stað niðurrifs á húsinu. Húsið er með steypa / hlaðna útvegg og steypa botnplötu. Þakjárn hússins ásamt þakburðarvirki var endurnýjað fyrir nokkrum árum og er í ágætu ástandi. Gluggar hússins eru ónýtir.

Handwritten signature or initials.



Helstu verkþættirnir við endurbyggingu hússins myndu vera;

Utanhúss

- Endurnýjun glugga
- Múrviðgerðir
- Málun veggja
- Endurnýja útihurðir

Innanhúss

- Hreinsun út úr húsi
- Einangrun þaks
- Endunýja frárennsli
- Endurnýjun raflagna og lagna
- Klæðning útveggja og lofta
- Gólfílögn og málun

Varðandi kostnað við endurbætur á húsnæðinu má gera ráð fyrir að hann verði um 300 - 330 þús kr á m² eða um 66 til 71 millj króna.

AJ
20

Samantekt.

Eftir heildarskoðun á húsunum er talið hagkvæmast að rífa bæði viðbygginguna og braggann og byggja mannvirkin aftur í uppranalegri mynd. Rétt væri að skoða hvort útfæra megi skipulag viðbyggingar a hagkvæmari hátt en núna er, etv mætti sleppa endurbyggingu hennar eða framlengja skemmuna í núverandi mynd. Slík útfærsla gæti verið hagkvæmari, myndi falla betur að umverfinu og myndi nýtast væntanlegri starfsemi betur. Við útfærslu á lausnum verði leitast við að framkvæma verkið á sem hagkvæmastan hátt með einfaldleikann að leiðarljósi.

Samantekt á áætluðum heildarkostnaði.

2.1 Endurnýjun á viðbyggingu	34 til 36 millj.
2.2 Endurnýjun á bragga	35 til 39 millj
2.3 Endurbætur á skemmu	66 til 71 millj
Endurbætur á lóð næst húsum	10 til 12 millj
Samtals áætlaður heildarkostnaður	146 – 158 millj

Allar tölur innifela efni og vinnu með vsk.

Jóhannes Benediktsson

byggingartæknifræðingur



Helga Maureen Gylfadóttir
Anna Lís Guðmundsdóttir
Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð

Byggðakönnun
Fornleifaskrá og húsakönnun



Reykjavík 2013

Minjasafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 161

Fyrsti eigandi Breska setuliðið

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Transit Camp /Gistihús

Upphafleg gerð

Útlit

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Stálgrindarhús

Einlyft

Saga

Þyrping húsa við Nauthólsvík í útjaðri Reykjavíkurflugvallar e skráð undir heitinu Nauthólsvegur 100 í Fasteignaskrá með landnúmerið 219038. Þetta er steinsteypt og hlaðið hús ásamt áföstum bragga af bandarískri BUTLER gerð.

Hér er um að ræða allmörg hús sem reist voru veturinn 1942-1943 sem gistihús sem nefndist *Hótel Winston* og var notað fyrir flugmenn og aðra þá sem áttu leið um Reykjavíkurflugvöll. Það var tekið notkun í júlí 1945. Eftir að flugmálastjórn tók við rekstri flugvallarins var flugvallarhótelíð rekið á vegum flugmálastjórnar og nefnt *Hótel Ritz* um tíma. Rekstrinum var hætt árið 1951.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Braggi - herskáli og einföld steinsteypuhús.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu hernámsára í Reykjavík, sögu Reykjavíkurflugvallar og hótelsreksturs í Reykjavík.

Umhverfisgildi: Mikilvægt kennileiti í umhverfinu. Hluti af þyrpingu bragga í Nauthólsvík.

Upprunaleg gerð: Hefur tekið breytingum, en heldur upprunalegum byggingarstíl.

Varðveislugildi: Lagt er til að svæðið sem braggarnir standa á njóti verndar í gulum flokki. Braggarnir mynda heildstæða þyrpingu ásamt öðrum mannvirkjum í Nauthólsvík frá hernámsárunum í Reykjavík og vísar til upphafs Reykjavíkurflugvallar.

Færslunr.	Dags.reikn.	Tímabil	Lykill	Lykill (T)	Kostn.st	Vid2	Vid3	Vid4	Texti	Vmannanr.	Vmannanr. (T)	Reikn.nr.	Fjárhæð	Debet Fjárhæð	Kredit Fjárhæð
126049608	21.12.2016	201612	5540	Húsasmíði	1108	20805	123038	13099	Járnavinna sökkjar v/ Braggi Nauthólsvik	30534	Ari Oddsson ehf	0001671	506.320,00	506.320,00	0,00
126057642	8.2.2017	201805	5540	Húsasmíði	1108	20805	123038	13099	Járnavinna v/ Bragginn Nauthólsvik	30534	Ari Oddsson ehf	0001277	255.889,00	255.889,00	0,00
125054880	8.12.2016	201612	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Inndæling í sprungur Bragginn Nauthólsvegi	30534	Ari Oddsson ehf	0001663	734.999,00	734.999,00	0,00
125060947	2.6.2017	201706	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Múrvíðgerðir ofl. v. Nauthólsvegur 100	30534	Ari Oddsson ehf	0001812	4.824.135,00	4.824.135,00	0,00
125061776	2.8.2017	201708	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Múrvinna v. Braggi Nauthólsvegur 100	30534	Ari Oddsson ehf	0001884	3.409.718,00	3.409.718,00	0,00
125061777	31.7.2017	201708	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Slipun og lökkun gólfa Nauthólsvegur 100	30534	Ari Oddsson ehf	0001880	3.330.997,00	3.330.997,00	0,00
125057530	1.2.2017	201702	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Múrverk og steypa v. Braggi Nauthólsvik	30534	Ari Oddsson ehf	0001714	2.150.938,00	2.150.938,00	0,00
126052272	10.7.2017	201707	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Braggi Nauthólsvegi vegna vinnu 26.maí-10.júlí 2017	30534	Ari Oddsson ehf	0001855	9.761.985,00	9.761.985,00	0,00
126054149	28.9.2017	201709	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Múrverk Nauthólsvik Braggi/Náðhús	30534	Ari Oddsson ehf	0001927	1.928.680,00	1.928.680,00	0,00
126055558	8.12.2017	201712	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	v/ Nauthólsvik múrverk og steypa	30534	Ari Oddsson ehf	0001989	1.309.464,00	1.309.464,00	0,00
126057041	7.4.2018	201804	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	v/ Nauhólsvegur 100 múrverk og flisalagnir	30534	Ari Oddsson ehf	0002106	4.417.968,00	4.417.968,00	0,00
126057621	1.6.2018	201806	5546	Múrverk	1108	20805	123038	13099	Múrverk Bragginn Nauthólsvegi apríl til júní 2018	30534	Ari Oddsson ehf	0002167	3.815.194,00	3.815.194,00	0,00
									Ari Oddsson ehf				36.446.287,00	36.446.287,00	0,00
127035830	20.6.2017	201705	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Hönnun í maí v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0395	189.189,00	189.189,00	0,00
126053696	6.9.2017	201709	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna: Eftirlit í júní, júlí og ágúst v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0401	906.432,00	906.432,00	0,00
126053697	6.9.2017	201709	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna: hönnun í júní, júlí, ágúst og fundir v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0399	538.194,00	538.194,00	0,00
125064028	1.11.2017	201711	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0408	391.635,00	391.635,00	0,00
125059645	1.4.2017	201704	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0383	414.090,00	414.090,00	0,00
125059646	1.4.2017	201704	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0382	676.347,00	676.347,00	0,00
125059305	1.3.2017	201703	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0379	1.587.345,00	1.587.345,00	0,00
125045223	1.3.2016	201603	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Verkf.vinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0346	1.747.147,00	1.747.147,00	0,00
125048439	1.6.2016	201606	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0356	2.681.081,00	2.681.081,00	0,00
126048888	1.11.2016	201610	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Hönnun og fundir í sept-okt v.Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0368	1.166.412,00	1.166.412,00	0,00
126046667	1.5.2016	201604	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektatj.pj. v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0351	2.180.599,00	2.180.599,00	0,00
125046148	1.4.2016	201604	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0348	1.026.949,00	1.026.949,00	0,00
125050920	5.9.2016	201609	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0364	822.300,00	822.300,00	0,00
127034065	10.2.2016	201602	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektav. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0344	1.753.092,00	1.753.092,00	0,00
126048012	1.8.2016	201608	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Nauthólsvegur 100 - hönnun, fundir o.fl.	27254	Arkibúllan ehf	0359	1.889.127,00	1.889.127,00	0,00
125060566	1.5.2017	201705	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0388	263.228,00	263.228,00	0,00
126049648	21.12.2016	201612	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Nauthólsvik 100 - hönnun, uppfæra módel o.fl.	27254	Arkibúllan ehf	0371	1.145.649,00	1.145.649,00	0,00
125064759	13.12.2017	201712	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0420	661.434,00	661.434,00	0,00
127039633	7.2.2018	201802	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Hönnunarvinna við Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0431	673.118,00	673.118,00	0,00
125065714	8.3.2018	201803	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektarbj. - Hönnunarvinna við Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0439	440.760,00	440.760,00	0,00
126056715	8.3.2018	201803	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektarbj. - Vinna við eftirlit fyrir Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0440	555.651,00	555.651,00	0,00
125067932	30.3.2018	201804	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0449	250.002,00	250.002,00	0,00
126057036	30.3.2018	201803	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektarbj. vinna við eftirlit fyrir Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0446	419.121,00	419.121,00	0,00
127039078	30.12.2017	201712	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Hönnunarvinna við Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0426	153.090,00	153.090,00	0,00
125068418	30.4.2018	201804	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Arkitektavinna v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0452	213.440,00	213.440,00	0,00
127035829	20.6.2017	201705	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Umsjón og eftirlit apríl-maí v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0391	539.539,00	539.539,00	0,00
125064027	1.11.2017	201711	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Eftirlit og fundir v. Nauthólsvegur 100 framkv.	27254	Arkibúllan ehf	0409	587.452,00	587.452,00	0,00
125059306	1.3.2017	201703	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Eftirlit v. framkv. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0378	779.869,00	779.869,00	0,00
126048887	1.11.2016	201610	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Umsjón og eftirlit í sept-okt v.Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0367	413.671,00	413.671,00	0,00
126049649	21.12.2016	201612	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Nauthólsvik 100 - Eftirlit með framkvæmdum	27254	Arkibúllan ehf	0374	324.370,00	324.370,00	0,00
127038619	31.12.2017	201712	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Eftirlit v/Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0421	298.890,00	298.890,00	0,00
127039632	7.2.2018	201802	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Vinna við eftirlit fyrir Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0432	563.370,00	563.370,00	0,00
125068419	30.4.2018	201804	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Eftirlit v. framkv. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0453	507.840,00	507.840,00	0,00
127041916	30.6.2018	201806	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Vinna við eftirlit fyrir Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0457	956.800,00	956.800,00	0,00
125069568	30.7.2018	201807	5438	Eftirlit sérfræðinga	1108	20805	123038	13099	Vinna við eftirlit og verkefnisstjórn fyrir Nauthólsveg 100	27254	Arkibúllan ehf	0461	250.240,00	250.240,00	0,00
125059644	1.4.2017	201704	5490	Prentun, fjölríttun, bókbáand, ljósritun og skónnun	1108	20805	123038	13099	Útprentun og plöstun teikninga v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0385	115.159,00	115.159,00	0,00
125064276	4.11.2017	201711	5545	Raflögn	1108	20805	123038	13099	Ljós v. Nauthólsvegur 100	27254	Arkibúllan ehf	0416	281.686,00	281.686,00	0,00
									Arkibúllan ehf				28.364.318,00	28.364.318,00	0,00
47977884	9.5.2017	201705	5589	Önnur tæki og búnaður	1108	20805	123038	13099	Greiða Berlinord 8.450 EUR	110150	Berlinord	090517-1	956.619,00	956.619,00	0,00
									Berlinord				956.619,00	956.619,00	0,00
127040534	25.4.2018	201804	5542	Blikksmíði	1108	20805	123038	13099	Einangruð þaklúga - Nauthólsvik	11570	Blikksmíðurinn hf	0026742	339.373,00	339.373,00	0,00
125056602	31.12.2016	201612	5553	Viðhalds- og þjónustusamningur	1108	20805	123038	13099	Vinna v. loftræsting Nauthóli braggi	11570	Blikksmíðurinn hf	0023111	1.852.206,00	1.852.206,00	0,00
125067681	31.3.2018	201804	5553	Viðhalds- og þjónustusamningur	1108	20805	123038	13099	Nauthólsvegur 100 - veitingastaður loftræsting	11570	Blikksmíðurinn hf	0026609	13.679.205,00	13.679.205,00	0,00
									Blikksmíðurinn hf				15.870.784,00	15.870.784,00	0,00
91020443	31.3.2017	201703	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Vinna við hönnun lóðar Nauthólsveg 100	95893	Dagný Land Design ehf	0000125	587.500,00	587.500,00	0,00
91029441	6.9.2017	201709	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Plöntuval á lóð v. Nauthólsvegur 100	95893	Dagný Land Design ehf	0000145	140.690,00	140.690,00	0,00
91031009	30.10.2017	201710	5423	Arkitektar, land- og skipulagsfræðingar	1108	20805	123038	13099	Aukaverk, breyting á teikningu v. Nauthólsvegur 100	95893	Dagný Land Design ehf	0000152	324.000,00	324.000,00	0,00
